

Hestar og List

- Gunnar og Þórdís í Dallandi heimsótt



Þegar ekið er út af Suðurlandsveginum við Geitháls rétt utan Reykjavíkur og stefnan tekin að Hafravatni, vekur athygli vegfarenda glæsilegt bú austan vegarins rétt áður en komið er að Miðdal. Fallegar hvítmálaðar byggingar umvafðar grösugum túnum og skógi, minna meira á búgarð erlendis en hér á Fróni. Hross á beit í högunum og fólk í útreiðum. Við erum komin í Dalland í heimsókn til hjónanna Gunnars B. Dungal og Þórdísar Öldu Sigurðardóttur.

Vel er tekið á móti gestunum og þeir leiðdir til setustofu þar sem kaþþ bítur. Athygli vekur safn gamalla muna, sem notaðir eru til skreytinga innan um bæði nútíma listaverk sem og eldri. Umhverfið er í senn glæsilegt og hlýlegt og ber smekkvísi húsbænda vitni.

Hestaáhuginn til staðar

Þau Gunnar og Þórdís hafa ætíð haft nóg fyrir stafni. Auk þess að reka hrossabúð Dalland hafa þau sinnt ýmsu öðru í gegnum tíðina. Þórdís, sem er starfandi myndlistarmaður, hefur komið sér upp frábærri vinnuástöðu heima í Dallandi og ver stórum hluta af vinnutíma sínum til listsköpunar. Hún er einn af rekstraraðilum START ART listamannahúss í miðbæ Reykjavíkur.

Gunnar er mikill athafnamaður. Hann átti og rak um áratugaskeið Pennann, Griðfl, bókabúðir Eymundssonar og Máls og menningar, auk þess að vera hrossabóndi og trjáræktandi í Dallandi og virkur í félagsmálum hestamanna.

Gunnar er sonur hjónanna Margrétar og Baldvins Pálssonar Dungal og var alinn upp við Miklubrautina í Reykjavík. Þar kynntist hann hestum fyrst, en á þeim tíma var hesthús við býlið Klambra, ekki langt frá þar sem Kjarvalsstaðir eru nú. Gunnar segir svo frá: „Á þessum árum var Miklubrautin ekki malbikuð. Hún var malarvegur, enda var maður kominn í úthverf og á leiðinni út úr bænum þegar farið var hjá Klambratúninu. Nú tilheyrir þessi staður eiginlega miðbænum. Margt hefur breyst. Þarna voru nokkrir hestakarlar með hrossin sín og riðu mikið út.“

Foreldrar Gunnars áttu sumarbústað við Þingvallavatn, í landi Heiðarbæjar, og þangað þutti móðir hans á vorin með systkinin, þ.e. Sigrúnu, Gunnar og Pál Halldór, og dvaldi þar fram á haust. Ungur að árum fór Gunnar að venja komur sínar að Heiðarbæ. Þar voru hestar og reið hann út með syni bóndans, Sveinbirni Einarssyni, jafnaldra sínum og vini.

„Mig langaði mikið til þess að eignast hest, en pabbi var mjög góður uppalandi og vildi að ég hefði svolítið fyrir því. Ég fór því að selja blöð og safnaði þannig peningum fyrir mínum fyrsta hesti. Hann hét Léttir frá Voðmúlastaða-Miðháleigu, út af Nökkva frá Hólmi. Ég kom honum á veturna fyrir hjá Bótólþ í Breiðholti, sem var bær ekki langt frá þar sem Valsheimilið er í dag. Á sumrin tók ég Létti með mér austur á Heiðarbæ og reið út í sveitinni. Seinna keyptum við Sveinbjörn hest saman, Jötunn frá Hesti, sem var undan Fornu frá Fornustekkjum. Þessa hesta var ég seinna

með á vetrum í húsi á Gustssvæðinu í Kópavogi.“

Á þessum árum óx upp á Vestur-Sámsstöðum í Fljótshlíð, í skjóli Eyjafjallajökuls, sveitastelpa Þórdís Alda. Þórdís er yngst sinna systkina, en foreldrar þeirra voru Sigurður Árnason og Hildur Árnason. „Þegar ég var á táningsaldri voru systkini mín farin að heiman. Á þessum árum riðum við pabbi þó nokkuð út saman ásamt dönskum vinnumanni, Jens Jensen, sem hafði mikinn áhuga á hestum. Hann á reyndar ennþá íslenska hesta í Danmörku. Á bökkum Þverár, sem rennur skammt frá bænum, voru og eru frábærir sendnir reiðvegir og í þá daga þótti gott að fara þangað með baldna fola. Við systkinin fengum öll hesta að gjöf frá foreldrum okkar og þestir voru þeir þrýðilegir og þíðgengir töltarar. Eftir að við Gunnar byrjuðum búskap í Dallandi fengum við að gjöf, keyptum og tókum í þjálfun hesta frá Sámsstöðum. Sumir þeirra reyndust mjög vel og var keppt á þeim bæði í Gusti og Fáki. Skjóni hans Árna bróður míns lenti til dæmis í 2. sæti í B-þokki gæðinga á hvítasunnumóti Fáks með Eyjólf Ísólfsson í hnakknum. Sámur, hestur Hrafnhildar systur, gerði það einnig gott í keppnum hjá Gusti. Fleiri hesta gæti ég talið upp eins og hinn fráa brokkara Blóma og skeiðhestinn Sprett, sem seldur var til Kefavíkur. Báðir voru eitthvað notaðir í keppnum.“

Leiðir liggja saman

Þórdís var alltaf mikið fyrir að teikna og þegar hún fór í Kennaraháskólann í Reykjavík tók hún að sjálfsgöðu myndlistina sem valfag. „Listin blundaði alltaf í mér í æsku. Ég fór í Myndlistarskóla Reykjavíkur þegar ég kom fyrst í bæinn. Á tímabili rak ég svo tískuverslunina Bazar með vinkonu minni, Fannýju Jónmundsdóttur, og Valdimar Jóhannessyni og var enn í þeim bransa þegar við Gunnar þuttum í Dallandið. Þá var ég búin að sækja um inngöngu í Garðyrkjuskólann, en þá voru reglurnar þannig að gerð var krafa um að nemendur væru á heimavistinni. Það gat ég ekki hugsað mér, svona nýþutt í sveitina með kærastanum,“ segir Þórdís.

Það var svo árið 1980 að Þórdís byrjaði í Myndlista- og handíðaskólanum og útskrifaðist þaðan fjórum árum síðar. „Ári seinna eða 1985 fór ég í framhaldsnám í Akademie der Bildenden Künste í München í Þýskalandi og skildi Gunnar eftir einan hér heima.“

Gunnar vann hjá föður sínum, Baldvini P. Dungal, kaupmanni í Pennanum, og tók síðar við fyrirtækinu aðeins tvítugur að aldri, er faðir hans lést snögglega. Gunnar hélt



áfram að byggja upp fyrirtækið og smátt og smátt óx Penninn í það sem við þekkjum í dag, það er leiðandi fyrirtæki á sviði ritfanga, skrifstofutækja, bóka og tímarita, skrifstofuhúsgagna og listamannavöru. Það var um svipað leyti að Gunnar sá Þórdísi í fyrsta sinn. Hann var að vinna í Pennanum og eins og algengt var í þá daga, fór hann heim í mat í hádeginu til Margrétar móður sinnar. Einn daginn er Gunnar sat í strætó tók hann eftir ungri og glæsilegri stúlku sem kom í vagninn á einni stoppistöðinni. Honum varð starsýnt á stúlkuna og ekki ólíklegt að erþtt hað verið fyrir hann að einbeita sér að vinnunni þann daginn. Þau hittust síðan nokkrum dögum seinna í Glaumbæ og hófust kynni þeirra upp frá því. „Það sem mér þannst verulega skemmtilegt við þessa sögu er að vagninn hét „Njálsgata/Gunnarsbraut“ - ég fædd og uppalin á Njálslóðum á leiðinni til Gunnars. Svo verð ég líka að viðurkenna að ég tók líka eftir þessum föngulega unga manni sem sat þarna aftast í vagninum. Hafði aldrei séð hann áður,“ segir Þórdís.

Dalland

Gunnar ákvað strax sem litill strákur að hann ætlaði ekki að búa í Reykjavík, enda dvalið langdvölum í sumarbústað fjölskyldunnar við Þingvallavatn og kynnst bændunum á Heiðarbæ. „Þegar annað ungt fólk fór á rúntinn niður í bæ, fórum við Þórdís í bíltúra í nágrenni Reykjavíkur til að skoða hugsanlegar jarðir eða lóðir fyrir framtíðarheimili okkar,“ útskýrir Gunnar og Þórdís tekur við: „Það var síðan í október 1974, á meðan ég var í Þýskalandi, að Gunnar fann stað sem honum fannst hann verða að sýna mér. Þá voru auðvitað engir skannar til og ekki hægt að senda tölvupóst,

Höskuldur Eyjólfsson á Hofsstöðum og Jóhann Friðriksson, oftast kenndur við Kápuna.



Þannig að hann teiknaði mynd af bænum Dallandi og sendi mér til Þýskalands.“

Þannig var ákvörðun tekin um að festa kaup á þessu landi, sem þá taldi fjórtán hektara, en í gegnum tíðina hafa þau Þórdís og Gunnar keypt landskika í kringum sig og nú eru hektararnir sem tilheyra Dallandi orðnir á fjórða hundraðið. „Er við þuttum hingað 1. janúar 1975 stóðu hér steinsteypt tveggja hæða íbúðarhús og fjárhús. Við íbúðarhúsið var eitt, dautt reynitré. Fé, sem mikið var um á svæðinu, var nartandi í allan gróður og landið orðið rýrt, uppblásið og óræktarlegt eftir langa gengdarlausu beit. Menn héldu kindur t.d. í Fjárborg þar sem nú er verið að byggja upp hesthúsahverþið á vegum Fáks og keyrðu menn kindunum sínum hingað uppeftir á vorin og slepptu lausum. Þær komu svo alltaf á nóttunni og átu blómin sem við vorum kannski nýbúin að gróðursetja og öll fyrstu birkitrén, 300 að tölu, fóru ofan í blessaðar rollurnar. Þær hljóta að hafa verið svangar. Síðar kom sauðfjárgirðinginn sem aðskildi heiðina frá höfuðborgarsvæðinu og breytti öllum ræktunarskilyrðum á þessu svæði. Staðsetningin virtist kannski glannaleg í fyrstu en við erum hér í alfaraleið en samt út af fyrir okkur. Hér eru góðar samgöngur og reiðleiðir, aðgangur að heitu vatni og öll þjónusta í nágrenninu. Núna, þegar rekin er hér hestamiðstöð, er ekki annað hægt að segja en að staðsetningin sé mjög góð, rétt við aðal markaðssvæðið. Við byrjuðum á því að moka út úr hrútakofa sem var áfastur fjárhúsunum og breyta honum í hesthús. Í dag er hann enn hesthús og reyndar öll gömlu fjárhúsin sem við nýtum fyrir folöldin og reiðhestana okkar. Svo var hæsnabú rekið hérna við hliðina á okkur sem við keyptum og rákum í tvö ár. Ég gaf þar á morgnana áður en ég fór í Pennann og Þórdís tindi egginn og seldi,“ segir Gunnar og bætir við: „Í því húsi var

síðar (1978) opnuð hestamiðstöðin Dalur. Við höfum svo smám saman bætt þau hús sem fyrir voru og byggt við.“

Hugmynd að hestamiðstöð

Jóhann heitinn Friðriksson, jafnan kenndur við Kápuna, átti sumarbústað við Selvatn, sem er aðeins spottakorn frá Dallandi og var því nágrenni þeirra Gunnars og Þórdísar. „Jóhann kom til okkar fyrstur manna og bauð okkur velkomin þegar við þuttum hingað. Það þótti okkur mjög vænt um. Reyndar held ég að bæði Jóhann og Sverrir Sigurðsson listaverkasafnari, kenndur við Sjóklæðagerðina, sem einnig átti bústað í nágrenninu, hað haft gaman af okkur þegar við þuttum hingað, fannst við jafnvel þínu skrytinn að leggja í þetta á ársgrundvelli. Jóhann og fjölskylda var alltaf dugleg að ríða út og bæði hrossin og þau sjálf sérstaklega vel til höfð, svo eftir var tekið. Jóhann var svolítið í því að kaupa og selja fola og í spjalli okkar á milli varð til hugmyndin að hestamiðstöð hér í Dallandi. Við fengum svo Eyjólf Ísólfsson til samstarfs við okkur,“ útskýrir Gunnar.

Þarna var að fæðast hugmyndin um hestamiðstöðina Dal í landi Dallands, sem þau hjón eiga og reka í dag. Eyjólfur Ísólfsson var við stöðina í um þremm ár, en í nóvember síðastliðnum átti stöðin þrjátíu ára starfsafmæli og hafa margir kunnir hestamenn og konur starfað um lengri eða styttri tíma í Dal. Lengst hafa starfað í Dal þau Halldór Guðjónsson og Helle Laks og áður áttu þau Þórdís og Gunnar langt og farsælt samstarf við Atla Guðmundsson og Evu Mandal.

Dalur

Hestamiðstöðin Dalur er í um 8 km fjarlægð frá félagssvæði Fáks og þar eru menn og málleysingjar í rólegu og friðsömu umhverfi við leik og störf.

Yfirlitsmynd af Dallandi og hestamiðstöðinni Dal. Mynd: Sigurgeir Sigurjónsson.



Turninn skemmtilegi kemur af Timbursölu Völundar sem eitt sinn var við Skúlagötuna í Reykjavík.



Gamla hesthúsið í Dallandi, spölkorn frá íbúðarhúsinu.



Þórdís ræðir gjarnan málin við dýrin.

Uppbyggingin er glæsileg og telja má víst að leitun er að annarri eins vinnuadstöðu, jafnvel þótt leitað sé víðar en á Íslandi. Pláss er fyrir um 55 hesta í hesthúsinu og í enda hesthúsbyggingarinnar er kaffstofa og íbúð fyrir starfsfólk. Í Dal hefur verið reist reiðhöll í fullri stærð, sem tengd er hesthúsbyggingunni með skemmtilegri tengibyggingu sem í er frábær aðstaða til bóklegrar kennslu. Kennslustofan ber nafnið „Ormsstofa“ til heiðurs landsmótssigurvegaranum Ormi frá Dallandi.

„Við stöndum fyrir námskeiðum í samstarfi við kennara Hólaskóla. Þaðan hafa t.d. komið hingað til kennslu þeir Anton Páll Niésson og Eyjólfur Ísólfsson. Fyrir tveimur árum þuttum við inn spænskan reiðkennara sem hélt hér námskeið. Við stílum helst inn á námskeið fyrir lengra komna. Í vetur sem leið var líka haldið hér fjölmennt námskeið í byggingardómum hrossa. Þá var Halldór einnig með einkatíma fyrir ýmsa aðila og þjálfaði krakka úr Herði, svo það er oft mikið líf hérna,“ segir Þórdís.

Gunnari og Þórdísi verður hugsað til allra þeirra þjálfara sem starfað hafa við stöðina frá upphafi. „Við höfum verið mjög heppin með starfsfólk og þeir sem hér hafa verið hafa enst vel í hestamennskunni. Margir þeirra hafa verið og eru enn í dag í fremstu röð þjálfara, tanningamanna og ræktenda. Þar má t.d. nefna Eyjólf Ísólfsson, Trausta Þór Guðmundsson, Guðmund Guðmundsson, Ólaf Þórðarson, Gunnar Ágústsson, Ingimar Ingimarsson, Hanní Heiler, Atla Guðmundsson, Rúnu Einarsdóttur, Ragnar Hinriksson, Eyrúnu Önnu Sigurðardóttur, Lilju Loftsdóttur, Jóhann Skúlason, Hinrik Bragason, Sigurð Marinusson, Karoline Wenzel, Sussie Lindberg, Baldvin Ara Guðlaugsson, Hreggvið Eyvindsson, Vigni Jónasson, Svein Hauksson og Ia Lindholm, Adolf Snæbjörnsson, Eyjólf Þorsteinsson, Sólva Sigurðarson, Daníel Inga Smárason, Hinrik Sigurðsson og auðvitað Halldór Guðjónsson og Helle Laks, sem nú starfa í Dal,“ segir Þórdís.

Það eru 10 ár síðan Halldór Guðjónsson hóf störf í Dal. Fyrstu árin starfaði hann um leið og Atli Guðmundsson og Eva Mandal. Halldór er menntaður sem reiðkennari frá Hólaskóla og hefur þjálfað og sýnt nær öll hross frá Dallandi undanfarin ár. Hann býr á staðnum ásamt Helle Laks, sem einnig er metnaðarfullur tanningamaður og starfar nú með Halldóri. Þau eiga tvíburana Harra og Leó, auk þess sem Halldór á dótturina Sunnevu. „Halldór stjórnar daglegum rekstri búsin, m.a. sölu á hrossum. Við



skipuleggjum mjög mikið sameiginlega og þiggjum ráð hvort hjá öðru, t.d. varðandi rekstur búsin og notkun á stóðhestum. Halldór þekkir jú hrossin okkar manna best og er í þessu af lífi og sál. Það virðum við og þökkum fyrir að vera svo lánsöm að hafa notið starfskrafta og samveru hans hér í Dal öll þessi ár. Þá er Helle Laks einnig hörkudugleg og hæðleikarík í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur og mjög góður knapi,“ segir Gunnar.

Haþiði Friðriksson hefur verið starfsmaður í Dal um árabíl og sér hann um almennt viðhald á girðingum, útihúsum, uppgræðslu lands og útigangsgjöf og margt þeira.

Klæða landið grænni kápu

Þegar starfsemin jókst og hrossunum fjölgaði þrengdist að. Gunnar og Þórdís hafa því verið í stöðugum landvinningum og hafa smátt og smátt aukið við landareignina. Áður þurftu þau alltaf að keyra eitthvað af hrossunum burt í hagabeit þar sem mikill hluti af landinu í kringum Dalland voru uppblásnir leirugir melar og jarðvegurinn gjörðneyddur allri næringu. Núna hafa þau ræktað yfir hundrað hektara og breytt melunum í græna og gjöfula haga. Gunnar útskýrir: „Við keyrðum allan skít úr húsunum út á melana, ýttum svo úr honum með jarðýtu og dreifðum um það bil 10cm lagi af þeirri mold, sem var til staðar í landinu, yfir allt og sáðum svo grasfræi. Þetta gafst gríðarlega vel en

taðframléiðslan hjá okkur var svo lítil að við þurftum að fá skít frá öðrum til þess að auka afköstin í uppgræðslunni. Við höfum girt mikið samhlíða þessu starfi og gert skjólbelti úr trjám. Í dag getum við haft öll hrossin heima við, allt árið um kring.“

Gamla hesthúsið var betra!

„Við höfum lengi haft þá hugsjón að kynna íslenska hestinn vel. Okkur þnnt það hreinlega vera eitt af okkar hlutverkum. Því er það að hingað kemur alls konar fólk, fólk sem vill kynna íslenska hestinn, eins og erlendir fulltrúar fyrirtækja og allt upp í þjóðhöfðingja. Ýmsir sem hingað koma detta oft og tíðum óvænt inn og því er það regla hjá okkur að hér sé alltaf snyrtilegt, vel sópað og þrið,“ segir Þórdís.

Gunnar tekur við: „Eins höfum við mikinn áhuga á að kynna íslenska myndlist og erum í miklum samskiptum við myndlistarmenn. Í því sambandi höfum við stofnað sjóð, Listasjóð Dungal, sem er ætlað að styðja við unga listamenn sem eru að feta sín fyrstu skref á myndlistarbrautinni og einnig að eignast verk eftir þá.“

„Það er ýmislegt þeira brallað í Dal,“ segir Þórdís. „Í sumar var tókulið hér að taka upp þýska kvikmynd, þar sem íslenskir hestar komu við sögu. Fyrir um sumarið komu menn til að skoða aðstöðuna í Dal og fannst allt vera í topplagi. Svo þegar leikstjórnin kom fannst honum þetta ómögulegt og sagði húsin alls ekki eins og hann hefði ímyndað sér. Við sýndum



Ormsstofan er glæsileg og tilvalin til bóklegrar kennslu.



Sunneva Halldórsdóttir fylgist með þjálfuninni í reiðhöllinni.

honum þá gamla hesthúsið okkar, sem er með eldgömlum innréttingum og við notum aðallega fyrir reiðhestana okkar Gunnars og folöldin. Þá varð hann yfir sig hriþinn.“

Gunnar segir: „Þegar ég var í Pennanum held ég að styrkleiki minn hað verið meira markaðsmegin, en hérna reynum við að láta verkin tala og höfum lítið markaðssett okkur.“ Þórdís bætir við. „Við ætluðum þó að fara í smá markaðsátak í sumar og létum útbúa fyrir okkur upplýsingabækling um hestamiðstöðina og ræktunina, sem átti að dreifa á landsmóttinu, en gleymdum honum síðan heima! Það var nú öll markaðssetningin.“ Þau hjónin geta ekki varist brosi er þau rifja þetta upp og minnst á heimasíðu Dals, www.dalur.is, sem reyndar er enn í mótun.

Stofnhryssur

Fljótlega eftir að Gunnar og Þórdís þuttu í Dalland vaknaði sú löngun að eignast góða meri. Þau höfðu samband við vin sinn, Þór Guðmundsson, sem stundaði hrossarækt á jörðinni Efri-Rotum undir Eyjafjöllum, fóru með honum út í stóðið hans og völdu hryssu. Hann varaði þau þó við því að stórhættulegt væri að eiga hryssu, þar sem það væri þjött að vefja upp á sig og oftast en ekki endaði það með tugum hrossa! Hryssan, sem varð fyrir valinu varð, var Lýsa frá Efri-Rotum, undan Fylki frá Flögu og Rauðku frá Eyjarhólum og fékk Eyjólfur Ísólfsson hana í tamningu í Dal. „Það kom okkur skemmtilega á óvart einn daginn er við komum í hesthúsið og Eyjólfur tilkynnti okkur að Lýsa væri betri en væntingar hans hefðu staðið til. Við fengum að vita að við ættum mjög góða hryssu í hesthúsinu,“ segir Gunnar.

Árið 1982 fór Lýsa í fyrstu verðlaun og var síðan sett í ræktunina. Lýsa var ein þriggja stofnhryssa búans og gaf góð hross,

meðal annars Orm, Kráku og Dúkkulísu, sem fékk heiðursverðlaun á LM 2006, en þær Kráka og Dúkkulísa hafa báðar geð nokkur fyrstu verðlauna hross og dætur þeirra einnig. Hinar stofnhryssurnar tvær eru þær Vaka frá Dýrþnustöðum og Gróska frá Sauðárkróki sem einnig hafa geð fyrstu verðlaunahross. Síðar bættust þær Von frá Skarði og Katarína frá Kirkjubæ í hópinn.

Engin sérvíska!

„Fyrst þegar við byrjuðum að rækta reyndum við að halda í ákveðnar blóðlínur. Núna erum við hætt því og íhugum frekar hvaða stóðhestur passar á hvaða meri hjá okkur, þannig að það er svo sem engin sérvíska í valinu á stóðhestum,“ segir Gunnar og Þórdís bætir við. „Hrossin héðan eru skapgóð og algjör undantekning að er þtt sé að temja þau, enda orðin vön umgengni við manninn þegar þau eru komin á tamningaaldur. Við fylgjumst mjög vel með hrossunum okkar, alveg frá því þau fæðast á vorin og höfum oft verið viðstödd þegar hryssurnar kasta. Hrossin eru nálægt okkur og við lítum oft til þeirra eða göngum í stóðið, enda höfum við verið heppin og ekki misst mörg hross af slysförum eða veikindum. Þannig hefur myndast ákveðin hefð fyrir því hvernig uppeldi hrossanna er háttað og síðan er ávallt vandað til frumtamninganna og að sjálfsögðu passað upp á að þau fái ætíð gott atlati en líka frelsi.“

Í sumar fengu Gunnar og Þórdís 11 folöld og þau verða að vonum 13 á næsta ári. Ekki stendur til að fjölga meira. „Við reynum að vanda okkur og spörum ekki folatolla, heldur reynum að komast undir þá hesta sem við höfum fundið út að passi á hryssurnar okkar. Í sumar héldum við m.a. undir Gára og Gaum frá Auðsholtshjáleigu, Óm frá Kvistum, Fróða



Gunnar segir að hestamiðstöðin hafi lítið verið markaðssett en það standi til boða.



Þjóðhöfðingjar hafa staldrað við í Dal í opinberum heimsöknum sínum. Hér eru m.a Gunnar, Þórdís og forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson, ásamt Frederik krónprinsi Dana og Mary konu hans.

frá Staðartungu, Höfða frá Snjallsteinshöfða, Guma frá Dallandi, Hugin frá Haga, Klett frá Hvammi og Seið frá Flugumýri. Þetta eru allt alhliðahestar en það koma þó alltaf klárhross út úr þessu líka, enda hryssurnar sumar klárhryssur,“ segir Gunnar.

Gunnar nefnir að þau hað í gegnum tíðina verið heppin með merar, hreinlega fengið þeirri merfolöld þar til nú síðustu árin. Í dag séu þau með stóðhestana Guma Aronsson og Gnóttarson og Þór undan Dúkkulísu og Þokka frá Kyrholti, sem eru á þmmta vetur og einnig tvo efnilega graðhesta sem eru á fjórða vetur.

„Þegar við kynntumst Jóhanni í Kápunni fór ég þjótlega að fara með honum norður í Skagafjörð. Það var upplifun að ferðast með honum og alls staðar var honum vel tekið. Í þessum ferðum kynntist ég fjölda fólks og ennþá ven ég komur mínar í

Viðgerðir og þjónusta

Hesthúsinnrétingar
Hestagerði
Viðgerðir á hestakerrum

Áratugareynsla
Gerum verðtilboð

Gæði framar öllu



Það fer vel um hrossin í gamla hesthúsinu.



Halldór Guðjónsson tanningamaður í Dal.



Aldnir gæðingar. Sókron frá Sunnuhvoli og Kráka frá Dallandi.



Skagafjörðinn," segir Gunnar.

Árin 2006 og 2007 keyptu Gunnar og Þórdís jarðirnar Stapa og Héraðsdal í SkagaPrði. Þessar jarðir eru skammt frá Vindheimamelum og góðar reidleiðir að Þnna þar allt um kring. Jarðirnar eru samliggjandi, landið afar fjölbreytilegt og víðfeðmt og því kjörið fyrir hrossastöð. Ætlunin er að þetta verði í framtíðinni, að hluta til, uppeldisstaður hrossanna frá Dallandi.

„Það var töluverð vinna í uppbyggingu á þessum stöðum. Við höfum gert upp tvö íbúðarhús fyrir norðan og hesthús og síðan girtum við allt upp á nýtt með rafgirðingum. Þarna eru nokkuð mikil tún og heyjum við þau og þytjum hluta af heyinu síðan suður. (til okkar.) Frá okkur eru þarna ungir graðhestar í góðri aðstöðu núna og hafa mikið land til að valsa um,“ segir Gunnar. Svólitíð skemmtilegt að Héraðsdalur liggur á því svæði í Lýtingsstaðahreppi sem kallað er Dalsplássíð.

Úrvalstóltarinn Nátthrafn frá Dallandi á LM 2008. Knapi er Halldór Guðjónsson.



Gömlu höfðingjarnir

OrmfráDallandiþekkjahestaá hugamenn vel. Þessi viljugi, fasmikli alhliða gæðingur kom, sá og sigraði A-þokkinn á Landsmóti hestamanna í Reykjavík árið 2000, með Atla Guðmundsson í hnakknum. Ormur er fæddur Þórdísi, undan einni af stofnhryssum búsin, Lýsu frá Efri-Rotum og Orra frá Þúfu. „Ormur minn er gersemi og er algerlega minn hestur núna,“ segir Þórdís og bætir við. „Maður kynnist einungis fáum jafn mögnuðum karakterum um ævina og Ormi og Sókroni frá Sunnuhvoli. Þeir eru báðir þugviljugir, meiri fjörvilji í Sókroni en endalaus kraftur í Ormi, þar er alltaf einn gir í viðbót. Við Ormur þurftum dálítinn tíma til að kynnast og semja hér á heimaslóðunum, hann athugaði hvað hann kæmist upp með mikið hjá mér. Ég prófaði Sókron hins vegar í fyrsta sinn þegar við vorum á leið með rekstur á Kaldármela. Sókron virkaði við fyrstu kynni ekki hestur fyrir mig, en Ragnar Hinriksson var með okkur í þessari ferð og hvatti mig til að prófa hann, hélt að þetta gæti verið hestur fyrir mig. Ég man hvað mér fannst ótrúlegt hvað hann var þmur í kjarrinu sem við riðum um, hann var eins og köttur og dansaði af fjöri. Þetta var eitt rómantískasta augnablik í lífi mínu,“ segir Þórdís og glottir og greinilegt að hesturinn á sér stað í hjarta hennar. Gunnar tekur við. „Ingimar Ingimarsson, vinur okkar, átti Sókron og var með hann á Hólum. Eftir landsmótið 1982 var hann ekki seldur og því æxlaðist það þannig að við keyptum hann. Það var eitthvað talað um að fara með hann á mót erlendis en Raggi eyðilagði það og Þórdís féll fyrir honum! Ég hef ekki sótt í að fá að ríða þessum hestum hennar Þórdísar, þeir

eru alltof viljugir fyrir mig.“

Sókron, Glaumur frá Hafsteinsstöðum og Þokki frá Höskuldsstöðum, hafa lengi staldrað við í Dallandi og voru notaðir bæði í keppnir og til útreiða. Þeir eru allir ógleymanlegir alhliðagæðingar. Þokki og Sókron lifa enn, en Glaumur er allur.

Sókron frá Sunnuhvoli kom síðast fram með Halldóri Guðjónssyni á sýningu í reiðhöllinni í Víðidal, þá tuttugu og þrem vetra gamall. Hann er nú kominn á eftirlaun í kunnuglegu högunum í Dallandi, enda orðinn þrjátíu og tveggja vetra kappinn sá, en enn við góða heilsu.

Þórdís segir okkur skemmtilega sögu af vináttu fullorðnu hrossanna. „Í fyrravor ákváðum við að setja Kráku gömlu, sem er fyrsta hrossið sem fæðist okkur í Dallandi og Sókron saman í girðingu með nokkrum folaldsmerum og þremur veturgömlum hryssum. Þau höfðu aldrei áður gengið saman úti. Ekki var að sökum að spyrja, þau gömlu mynduðu með sér þvílíkt bræðralag eða öllu heldur ástarsamband, sem sást til dæmis á því að ef annað hvarf hinu úr auglýn ætlaði allt vitlaust að verða og var hneggjáð látlaust þar til við fórum að gá hvað væri eiginlega að. Fyrripart sumars hegðaði Sókron sér eins og graðhestur gagnvart Kráku, var alltaf að kitla frúna og sýna henni athygli og lét hún sér það vel lynda. Þau máttu aldrei hvort af öðru sjá og svona er ástandið enn. Þau eru hinir mestu mátar í gegnum súrt og sætt, bíta gras saman, standa saman í rígningunni eða liggja saman í sólinni. Hlaupa stírbusalega hlið við hlið, langt á eftir hinum yngri hestunum sem eru með þeim í hólþ. Þegar þau liggja saman úti á túni eru þau þétt saman og snúa hausum saman. Ef veðrið



Þórdís á hinum magnaða gæðingi Ormi frá Dallandi.

er vont hverfa þau tvö inn undir skjól eða í útigangshús og standa þar hlið við hlið og hnusa hvort af öðru. Oft höfum við fundið þau þannig. Það virðist sem þau haþ farið í endurnýjun lífdaga eftir að hafa kynnst á elliárunum og minnir þetta um margt á ýmislegt sem gerist hjá mannskepnunni.“

Myndlistarmaðurinn Þórdís Alda

Þórdís hefur verið í myndlist síðan hún kom úr námi sínu í München. „Ég hef sýnt víða og unnið með skemmtilegum hópum listamanna. Við erum til að mynda nokkrar sem rekum saman gallerí á Laugaveginum sem við köllum START ART, www.startart.is. Það er vissulega mikil vinna, við erum með 5-6 sýningaropnanir í mánuði svo þar er mikið um að vera. Svo eru það Provincialistarnir eða útkjálkamenn eins og hópurinn kallast á íslensku. Þetta eru Skandínavar, m.a. málarar, vídeolistamaður og tveir skúlptúristar. Við höfum m.a. sýnt og staðið fyrir málþingum í Færeyjum, Noregi og hér heima og gefnar hafa verið út tvær bækur í tengslum við verkefni hópsins. Nú eru ýmsar samsýningar erlendis og hérlendis í uppsiglingu í tengslum við START ART og ein einkasýning næsta haust í Chicago. Það er nóg að gera og þannig líður mér yþreitt best,“ segir Þórdís.

Þórdís er með fallega vinnustofu heima í Dallandi. Hún segir að vissulega þurfi að skipuleggja tímann vel og áætla tíma fyrir listina og hestana. „Auðvitað getur þetta þó hræst saman, til dæmis þegar folöldin eru að fæðast á vorin, eða eitthvað óvænt hendir með dýrin, þá verður maður að stökkva út og fylgjast með án þess að spá í hvað klukkan er!“

Þórdís notar oft efni sem hún þennur hér og þar í verkin sín og setur það í nýtt samhengi. Verkin fjalla þá oft um ofgnótt og það hvernig neysluvenjur okkar eru orðnar. Sem dæmi um þetta er

verkið Hestur og samferðamenn, sem er samansett úr gömlum skeifum sem voru undir Sókróni á LM 1982, þegar Ingimar Ingimarsson reið honum í 3. sætið í A-þokki gæðinga. Í verkinu er líka að þinna gamla skó samferðarmanna Þórdísar. Myndir af þessu verki og þeirum má sjá inná heimasíðu Þórdísar, www.toa.is.

Þegar opnuð var listavörudeild í Pennanum á sínum tíma vann Þórdís um tíma í þeirri deild. Oft komu listamenn þangað til að versla og þannig komumst þau í kynni við marga slíka. Eins hafa þau komið sér upp dágóðu safni verka. Gunnar hefur orðið: „Sverrir Sigurðsson, nággranni okkar og listaverkasafnari, kom með listamenn hingað og hvatti Þórdísi með ráðum og dád til að halda áfram í list sinni.“ Þórdís tekur við: „Hann kom líka hingað og ráðlagði okkur við gróðursetningar, hvatti til skógræktar og gaf okkur tré. Hann gerði meira að segja holur í svörðinn hérna í garðinum okkar og plantaði í þær sjálfur, ef honum fannst holurnar okkar of litlar fyrir allan þann skít sem hann taldi hverja plöntu þurfa á að halda.“

Gunnar og félagsmál hestamanna

Gunnar hefur verið í stjórn Landsmóts ehf. og er í Félagi hrossabænda. „Ég tel að forysta hestamennskunnar þurfi að leggjast vel yþr málin eins og þau eru í dag í ljósi efnahagsástandsins og einnig að ræða framtíðgreinarinnar. Í ástandinu erutækifæri og nú reynir á að nýta þau til hagsbóta fyrir atvinnugreinina. Hestamennskan skapar tekjur bæði innanlands og utan og það er ekki einungis sala á hestum til útlanda sem skilar okkur tekjum, heldur allt í kringum kaupin, svo sem þugferðir, hótél, bílaleigubílar og síðast en ekki síst það að fólk kemur hingað á hestamót og fer í ferðalög á hestum. Greinin verður líka að skoða innviði sína, starfsemi og rekstur.“



Myndlistarmaðurinn Þórdís á vinnustofu sinni.



Verkið Sjálfvirkur 800 snúninga hraði á mínútu / Automatic Spin Speed 800 rpm eftir Þórdísi.

Það verður að brjóta niður allan kostnað og athuga hvort hægt sé að skera hann niður einhvers staðar og fara að dæmi vel rekinna fyrirtækja hvað þetta varðar,“ segir Gunnar og ljóst er að þetta er honum mikið hjartans mál. „Við ættum að skýra út fyrir erlendu Íslandshestafólki, sem eru jú einlægir Íslandsvinir, hvað gerdist hér á landi í bankahruninu og greina þeim frá því hvernig við ætlum að koma okkur út úr þessari lægð sem við erum í. Í því sambandi má geta þess að rætt er um mikilvægi þess að við endurheimtum tiltrú annarra þjóða á okkur og því hljótum við að þurfa að útskýra stöðuna fyrir þessum stóra hópi aðdáenda íslenska hestsins um allan heim.“

Frelsi er náttúrulögmál

Þórdís hefur ákveðnar skoðanir á

reiðmennsku okkar hér á landi. „Tíminn færir okkur nýja strauma og stefnur og í þeim felast aðferðir og sérvíska sem oft er tekið eins og stórasannleik. Við Íslendingar höfum yþrleitt ekki verið að velta okkur upp úr hefðunum. Í dag er kennd sérstök aðferðafræði í reiðmennsku sem byggir bæði á gömlum hefðum og nýjum uppgötvunum. Hólaskólanám þykir það besta í dag. Eftir einhvern árafjölda verður síðan vinsað úr því námsefni það sem reynst hefur best og glænýr sannleikur bætist við það. Maður veit bara að það eru einungis sumir sem ná að skilja og höndla hesta, sem og önnur dýr, þannig að aðdáunarvert samspil myndist. Þetta er ekki öllum geðð, alveg sama hversu mikið er kennt. Samt hafa rannsóknir á atferli hrossa hjálpað mikið til að betri árangur náist. Stundum hefur mér líka fundist eins og það þyrfti að rannsaka atferli sumra manna til að fá réttlátari útkomu í samskiptum þeirra við hrossin. Einnig þannst mér svolítið sorglegt hversu mikinn pening fólk þarf að eiga til að fjármagna námið á Hólum, því þannig getum við misst af mörgum efnilegum reiðmönnum, t. d. sveitakrökkum sem þekkja dýrin út og inn, en hafa ekki nægilegt fjármagn til að kosta námið. Eitt lít ég nánast á sem náttúruleg mál; hestum er það nauðsynlegt að fá að upplifa frelsi, helst á unga aldri og öðru hvoru í gegnum lífð, ef menn vilja eiga sáttan og skemmtilegan hest. Að vera hestur með hestum í stóði einhvers staðar uppi á fjalli er það besta til að styrkja líkamlegt atgervi, sjálfsmynd þeirra og þor. Árstíðabundin samskipti við manninn eru líka nauðsynleg, eins og að lyfta fótum unghrossanna, gefa þeim ormalyf og snerta þau. Þegar tamningin sjálf hefst ætti að ríkja gagnkvæm virðing milli hestsins og þjálfarans og ef hún er ekki fyrir hendi, verður að vinna sér hana inn. Hræðsla og æsingur í tamningaferlinu er verst og eyðileggur örugglega oft út frá sér á hvorn veginn sem er, sambandið milli manns og hests.“

Gunnar bætir við: „Það hafa orðið miklar framfarir í reiðmennsku á síðustu árum og einnig í tamningum. Menn gefa sér betri tíma og allar aðstæður eru miklu betri.“

Tíminn hefur þogið og sól tekin að lækka á lofti er við kveðjum þau Þórdísi og Gunnar. Þegar við ökum niður heimreiðina og lítum um öxl sjást hvítmáluð húsinn hverfa í skógivaxið landslagið.

Samantekt um ræktunina í Dallandi

1.verðlauna hryssur í ræktuninni:

Hátíð 8,22 a.e. - verðlaun á LM2000 og héraðssýningu 1999.

Flijóð 8,12 a.e.

Katarína frá Kirkjubæ 8,08 a.e.

Dýrleif 8,09 a.e.

Dýrð 8,08 a.e. - verðlaun á héraðssýningu 2005.

Gerpla 8,11 a.e. - verðlaun á héraðssýningu 2003.

Hetja 8,03 a.e. á héraðssýningu 2003.

Hugmynd frá Hofsstöðum 8,12 hæfileikaeinkunn á héraðssýningu 2003.

Hríma 8,26 a.e. - Efst 4v yfir landið 2005 á héraðssýningu á Sörlastöðum.

Klöpp 8,33 a.e. - 9.sæti á LM2008.

Orka 8,22 a.e. - LM2008

Dalla 8,01 a.e. - Íslandsmeistari í 250m skeiði 2007 og á öll LM frá 2002.

Una frá Kirkjubæ 8,00 a.e. - héraðssýning 2008.

* Hryssurnar eru frá Dallandi nema annað sé tekið fram.

Fullorðnu hryssurnar eru við góða heilsu og gefa búinu folöld:

Dúkkulísa heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á LM 2006.

Katla verðlaunasæti á LM 1994 8,28 a.e.

Gnótt verðlaunasæti á LM 1998 8,25 a.e.

Dæmi um góða keppnishesta frá búinu undanfarin ár:

Ormur margverðlaunaður keppnishestur -

Landsmótssigurvegari A-flokki gæðinga árið 2000.

Vonandi margverðlaunaður keppnishestur - í B-flokki á LM 2004 og 2006.

Nátthrafn margverðlaunaður keppnishestur - í tölti á LM 2008.

Dalla margverðlaunað skeiðkappreiðahross.



Gunnar og Þórdís ásamt starfsfólkinu í Dal, þeim Helle Laks og Halldóri Guðjónssyni. Á bakinu á Leó situr Sunneva Halldórsdóttir.